

U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Glerárgötu 26
600 Akureyri

05. mars 2003

Tilvísun: UST20030100104/tb

Sjúkvíaeldi á þorski í Eyjafirði – matskylda.

Umhverfisstofnun hefur borist bréf Skipulagsstofnunar dags. 14. febrúar 2003, þar sem óskað er frekara álits á sjúkvíaeldi á þorski í Eyjafirði, sbr. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Hollustuvernd ríkisins og Náttúruvernd ríkisins, nú Umhverfisstofnun, gáfu á sínum tíma umsagnir um sjúkvíaeldi á þorski austur af Brimnesi í Eyjafirði með bréfum dagsettum 22. og 24. janúar 2001. Þar taldi Hollustuvernd ríkisins að líkur væru á því að skilgreina mætti viðkomandi svæði sem síður viðkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Náttúruvernd ríkisins taldi farsælast að eldi á þorski færi í mat á umhverfisáhrifum og byggði þá skoðun sína fyrst og fremst á stærð eldisins 4000 t/ár og að skoða þyrfti sérstaklega sammögnunaráhrif og áhrif milli fiskeldisstöðva en á þeim tíma stóð til að koma á fót fleiri eldisstöðvum í Eyjafirði á svipuðum slóðum, bæði laxeldi og þorskeldi.

Í framlögðum gögnum kemur fram að nú er þegar búið að veita starfsleyfi fyrir 2220 tonnum af þorski í Eyjafirði, 20 tonnum af hrygningarlúðu, 10 tonnum af sæeyra, 600 tonnum af kræklingi og 400 tonnum af laxi og bleikju. Alls eru þetta um 3250 tonn af fiski. Stöðvarnar eru ekki allar komnar í rekstur.

Straummælingar sem framkvæmdar hafa verið í Eyjafirði sýna fram á mjög góða strauma á 10 m, 45 m og 75 m dýpi. Sömuleiðis sýna botnsýni að straumar á fyrirhuguðum eldissvæðum eru það miklir að lítið eða ekkert safnast af lífrænu efni á fyrirhugaða eldisstaði. Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir aukningu á losun í Eyjafjörð megi áfram reikna með að viðtakinn flokkist sem síður viðkvæmur og því telur stofnunin að framkvæmdin sé ekki matsskyld af þeim sökum sbr. lög nr. 7/1998 og 32/1986.

Umhverfisstofnun telur að væntanlegur þéttleiki fiskeldisstöðva í Eyjafirði, og skipulagsleg óvissa sé með þeim hætti að æskilegt sé að grípa til viðeigandi aðgerða til að marka stefnu og koma á svæðaskiptingu í Eyjafirði til að koma á mót við þá aðila sem óska eftir að hefja starfsemi með fiskeldi eða annað eldi dýra í firðinum. Þetta er nauðsynlegt bæði af umhverfislegum ástæðum ekki síður en af öðrum ástæðum sem snúa að almennum réttindum og heyra ekki undir Umhverfisstofnun. Á meðan að ekki er nein víska um hvað mikið fiskeldi verður leyft í Eyjafirði, hvaða tegundir verða leyfðar og hvar eldisstöðvar verða staðsettar mun einnig ríkja óvissa um væntanleg umhverfisáhrif. Það eitt gefur tilefni til að skoða hverja eldisstöð mun nánar. Sérstaklega meðan ekki liggur fyrir t.d. endanlegir


útreikningar um mat á viðtakanum og ekki hefur verið lagt mat á þætti sem snúa að áhrifum af mismunandi eldi hvort á annað t.d. hvað varðar sjúkdóma.

Ekki eru lög til í landinu sem heimila fyrrgreinda skipulagningu, en skipulag flóa og fjarða er utan aðalskipulags sveitarfélaga, þ.e.a.s. þau svæði sem eru utan netalaga. Umhverfisstofnun hefur ekki heimild til að ákveða fjarlægðir milli staðsetninga á sjókvíum í starfsleyfum sínum, en slíkar heimildir má finna í reglugerð nr. 105/2000 um lax og silungsveiði og gert hefur verið ráð fyrir slíkum heimildum í reglugerð Sjávarútvegsráðuneytisins um eldi nytjastofna sjávar sem er í vinnslu. Það er nauðsynlegt að ljúka við að meta burðarþol viðtakans, Eyjafjarðar, og koma á einhvers konar svæðaskiptingu m.t.t. mats á burðarþoli fjarðarins og mismunandi eldishugmynda.


Niðurstaða:

Umhverfisstofnun telur ekki ástæðu til, að teknu tilliti til 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, að fyrrgreint þorskeldi sé matsskylt. Stofnunin byggir þá skoðun sína á áætluðu burðarþoli viðtakans (sjá kafla 1.4 í gögnum frá framkvæmdaraðila) og að um er að ræða áframeldi á villtum þorskstofni. Auk þess telur stofnunin að enn sem komið er sé ekki það mikið eldi í firðinum að ástæða sé til þess að óttast að ekki sé hægt að staðsetja mismunandi eldi í hæfilegri fjarlægð hvort frá öðru. Umhverfisstofnun ítrekar þó að nauðsynlegt er að taka á skipulagningu á fiskeldi í Eyjafirði með tilliti til mismunandi umhverfisþátta.

Virðingarfyllt,
f.h. Umhverfisstofnunar,



Trausti Baldursson
Sviðsstjóri/fagstjóri



Sigurbjörg Gísladóttir
Förstöðumaður